

Er munur á málþroska eintyngdra barna og tvítyngdra?

- rannsókn á þremur tvítyngdum börnum -

Elfa Björk Hreggviðsdóttir



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.E.d - gráðu
í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2010

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Er munur á málþroska eintýngdra barna og tvítýngdra?

- rannsókn á þremur tvítýngdum börnum -

Elfa Björk Hreggviðsdóttir

191083-5559

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Apríl 2010

Útdráttur

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort munur væri á málþroska ein- og tvítyngdra barna og ef svo væri, hvar hann lægi? Þetta var kannað með því að prófa þrjú tvítyngd börn á aldrinum sex til átta ára í myndun fleirtölu. Börnin voru prófuð í raun- og bullorðum, þeim var sýnd eintala af orðunum og áttu að nefna fleirtöluna. Notast var við próf frá Indriða Gíslasyni, Sigurði Konráðssyni og Benedikt Jóhannessyni. Prófið lögðu þeir fyrir 200 eintyngd íslensk börn við fjögurra og sex ára aldur í rannsókn á árunum 1980-1983. Frávik frá réttri fleirtölumyndun tvítyngdu barnanna voru skoðuð og metið hvort þau væru sambærileg við frávik eintyngdu barnanna. Út frá því hvernig börnin mynda fleirtölu var að lokum áætlað hve langt börnin væru komin í málþroska sínum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að frávik tvítyngdu barnanna eru ekki svo ólík frávikum eintyngdu barnanna. Mesti munurinn virðist liggja í hraðanum, þ.e. hversu fljótt orð koma inn í orðaforða barnanna og hvenær börnin ná tökum á fleirtöluendingum óreglulegu beygingarflokkanna. Hér skiptir mestu máli hversu mikla reynslu tvítyngdu börnin hafa af móðurmáli sínu, íslensku. Þetta kom berlega í ljós þegar bakgrunnur tvítyngdu barnanna var skoðaður en hann er afar ólíkur og sýndi hann m.a. það að eina barnið sem var fætt á Íslandi og hafði gengið í íslenskan skóla vegnaði best í fleirtöluprófinu. Hins vegar vegnaði því barni sem lært hafði fjögur tungumál og ekki fengið neina skipulagða íslenskukennslu verst í prófinu, þó að það væri elst af þeim börnum sem prófuð voru í þessari rannsókn.

Formáli

Í lok árs 2009 leitaði ég til Hönnu Óladóttur, aðjunkt í íslensku við Háskóla Íslands, eftir leiðsögn við lokaverkefni. Hún tók mér afar vel og hófumst við handa við að ákveða viðfangsefni. Ég hafði áhuga á því að kanna máltöku tvítyngdra barna og lét Hanna mig þá fá rannsókn sem gerð var á árunum 1980-1983 og snéri að máltöku eintýngdra barna. Þar með kviknaði hugmynd og viðfangsefni ritgerðarinnar var ákveðið: Er munur á máltöku ein- og tvítyngdra barna?

Vinnan við rannsóknina tók dágóðan tíma. Finna þurfti heimildir og lesa sér til um máltöku barna auk þess sem skoða þurfti vel rannsókn Indriða og félaga. Þá kom að því að velja heppilega þátttakendur í rannsóknina, prófa þá og vinna úr niðurstöðunum. Þar sem ég bý erlendis voru tölvupóstarnir sem gengu á milli mín og Hönnu ótalmargir að frátöldum símafundunum í gegnum netið.

Loksins er verkefnið orðið að veruleika og ber að þakka Hönnu kærlega fyrir alla hjálpina og tölvupóstana, sem á heildina litið urðu ansi margir. Hanna var alltaf boðin og búin í að hjálpa mér, hvort sem er í að finna og ljósrita heimildir, benda mér á bækur eða greinar til að lesa eða stappa í mig stálinu. Því ansi oft virtust öll sund lokuð og ég við það að gefast upp. Þá var Hanna fljót að beina mér á réttu brautina og koma með gagnlegar tillögur. Hún fær mínar bestu þakkir. Þá fær Hanna Guðný Ottósdóttir kærar þakkir fyrir að lesa ritgerðina oft og mörgum sinnum yfir, koma með tillögur, leiðbeina mér í skrifunum og hvetja mig áfram. Að sjálfsögðu þakka ég einnig þátttakendum fyrir að taka þátt í rannsókninni sem og foreldrum þeirra fyrir að leyfa mér að prófa börnin þeirra. Kærar þakkir!

Elfa Björk Hreggviðsdóttir

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Formáli	4
1. Inngangur	7
2. Fræðilegur bakgrunnur	9
2.1 Máltaka barna	9
2.1.1 Þróun eðlilegrar máltöku	10
2.1.2 Beyging orða	11
2.2 Máltaka tvítyngdra barna	13
2.2.1 Tvö mál á sama tíma	15
2.2.2 Tvö mál hvort á sínum tíma	16
2.3 Fleirtölubeyging nafnorða	16
3. Rannsókn	19
3.1 Þátttakendur	19
3.1.1 Ari	20
3.1.2 Bjarni	21
3.1.3 Lísa	22
3.2 Mælitæki	22
3.3 Framkvæmd	24
3.4 Úrvinnsla	24
4. Niðurstöður	26
4.1 Útkoma þessarar rannsóknar	26
4.2 Rannsóknirnar bornar saman	29
4.2.1 Ari	30
4.2.2 Bjarni	31
4.2.3 Lísa	33
5. Umræða	35
Heimildaskrá	39
Fylgiskjöl	40

Myndayfirlit

Mynd 4. 1 Hlutfall réttra svara, öll orðin í prófinu.....	26
Mynd 4. 2 Rétt fleirtala raunorða eftir beygingarflokkum.....	27
Mynd 4. 3 Rétt fleirtala bullorða eftir beygingarflokkum.....	28
Mynd 4. 4 Þessi rannsókn miðuð við eldri rannsóknina.....	29
Mynd 4. 5 Árangur Ara í prófinu miðaður við eldri rannsóknina.....	31
Mynd 4. 6 Árangur Bjarna í prófinu miðaður við eldri rannsóknina.....	33
Mynd 4. 7 Árangur Lísu í prófinu miðaður við eldri rannsóknina.....	35

1. Inngangur

Þeir sem hafa lært nýtt tungumál á fullorðinsaldri vita hve erfitt það getur oft og tíðum verið. Þó að mikið sé á sig lagt næst aldrei fullkomin kunnátta í nýja tungumálinu. Börn eiga hins vegar mörg hver einstaklega auðvelt með að tileinka sér tungumál. Þessi hæfileiki þeirra til að læra tungumál gerir það að verkum að þau ná oft en ekki betri tókum á tungumálum en fullorðnir. Það felst m.a. í því að börnin tileinka sér auðveldlega hljóðkerfi viðkomandi máls sem oft getur verið ansi snúið og afar erfitt fyrir fullorðið fólk.

Það virðist færast sífellt í aukana að Íslendingar leggi land undir fót og flytjist búferlum til annarra landa. Þá skiptir miklu að ná að aðlagast sem best hinni nýju menningu og felst það m.a. í því að ná tókum á því máli sem talað er í landinu. Eins og áður sagði eiga börn frekar auðvelt með þessa aðlögun að nýrri menningu og tungumáli, en hvaða áhrif hafa þessar breytingar á móðurmálskunnáttu barnanna? Ýmis dæmi sýna að þau börn sem ekki eru fædd á Íslandi en hafa íslensku að móðurmáli ná oft ekki almennilegum tókum á íslenskunni. Ástæðan er sú að þau nota annað málið meira í daglegum samskiptum. Að sama skapi þurfa börn sem flytja til útlanda að hafa tækifæri á því að viðhalda móðurmáli sínu.

Hvar standa þessi börn t.d. miðað við eintygnda jafnaldra sína? Hefur það áhrif á íslenskunám tvítýngdu barnanna að þau læra annað mál? Skiptir það máli hvort tungumálin séu lærð á sama tíma (samfara móðurmálinu) eða hvort á sínum tíma? Þá má velta fyrir sér hvort tvítýngd börn feti sömu slóð í málþroska og þau eintygndu? Þessar vangaveltur vöktu áhuga minn. Mér þótti fróðlegt að bera málþroska tvítýngdra barna saman við málþroska eintýngdra barna og skoða hvort þróun málþroska þessara barna sé sú sama.

Því var skoðað hvaða aðferð væri best að nota til að kanna málþroska tvítýngdu barnanna. Ég las rannsókn sem gerð var á árunum 1980-1983 af þeim Indriða Gíslasyni, Sigurði Konráðssyni og Benedikti Jóhannessyni. Rannsókn þeirra gekk út á það að kanna málþroska 200 eintýngdra barna, fjögurra og sex ára, og var það gert með því að skoða framburð og fleirtölumyndun barnanna. Fleirtöluprófið úr rannsókninni hentaði minni rannsókn vel, bæði vegna þess að þá væri hægt að bera niðurstöður þessara tveggja rannsókna saman og einnig vegna þess að prófið er einfalt og því auðvelt að leggja það fyrir.

Þrjú börn sem öll eru búsett í Þýskalandi voru valin til að taka þátt í rannsókninni. Þau búa öll í Þýskalandi og eru öll að læra þýsku en bakgrunnur þeirra er misjafn og er hann meginástæða þess að þau voru valin. Ég tel að þessi breytileiki hafi áhrif á útkomu

rannsóknarinnar.

En hvar ætli munurinn á ein- og tvítyngdu börnunum liggja? Eru frávik tvítyngdu barnanna við myndun fleirtölu sambærileg við frávik eintýngdu barnanna? Ef svo er, hvar liggja þau og eru þau eðlileg? Eru frávikin sambærileg við þau sem koma fram í eldri rannsókninni eða mynda tvítyngdu börnin fleirtölu á annan hátt en þekkt er, t.d. vegna áhrifa frá máli samfélagsins? Er munur á tvítyngdu börnunum innbyrðis? Ef svo er í hverju liggur hann? Skiptir aldur barnanna máli eða ílag, þ.e. hversu mikla íslensku þau heyra í umhverfi sínu?

Í þessari ritgerð verður leitast við að svara þessum spurningum og varpa ljósi á þróun máltöku tvítyngdra barna. Ég tel að þessi rannsókn geti gagnast fjölmörgum, þ.á.m. foreldrum tvítyngdra barna, kennurum þeirra og síðast en ekki síst börnunum sjálfum. Hér verður móðurmál skilgreint sem það mál sem barnið lærir fyrst og talar alla jafna heima hjá sér í barnæsku. Tvítyngdur einstaklingur telst hér sá sem notar tvö tungumál í sínu daglega lífi, kunnátta og notkun þurfa ekki að vera jöfn.

2. Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður fjallað almennt um máltöku barna og hvernig máltaka ein- og tvítyngdra barna þróast. Farið verður í setningarþróun barna, sem og beygingu orða og fleirtölubeygingu nafnorða.

2.1 Máltaka barna

Að fylgjast með barni þroskast og sjá hvernig mál þess þróast smám saman er afar merkilegt, allt frá því þegar barnið myndar fyrstu hljóðin yfir í það að ná að mynda orð og flóknar setningar. Þegar talað er um máltöku barns er átt við það ferli þegar börn tileinka sér sitt fyrsta mál (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Að einhverju leyti er máltaka sjálfvirkt ferli sem fer af stað þegar börn fæðast og rannsóknir sem gerðar hafa verið á talskynjun barna sýna að það er meðfæddur eiginleiki barna að læra mál. Nýfædd börn bregðast t.a.m. öðruvísi við hljóðum úr umhverfinu en málhljóðum og geta jafnvel greint á milli málhljóða, t.d. á milli hljóðanna *l* og *r* í máli rétt eftir fæðingu (Guðrún Kvaran 2005:348).

Þeir sem aðhyllast allsherjarmálfræði vilja meina að börn hafi sérstakan hæfileika til að læra mál sem gerir þeim, ef allt er eðlilegt, auðveldara með að læra móðurmál sitt (Birna Arnbjörnsdóttir 2000:11). Þessa tilgátu hafa rannsóknir stutt og sýna þær að þessi meðfæddi hæfileiki sé til staðar og að þau læri móðurmál sitt að mestu leyti sjálf. Þetta útskýrir m.a. hvernig börn ná á ótrúlegan hátt að tileinka sér flóknar málfræðireglur móðurmáls síns (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). En hérna er ekki öll sagan sögð, því samneyti við annað fólk er börnum afar mikilvægt á máltökuskeiðinu og nauðsynleg forsenda þess að þau nái tókum á móðurmálinu. Að hlusta á fólk tala saman, taka þátt í samræðum og fylgjast með öðru fólk eiga samskipti eru þættir sem kenna barninu orðaforða málsins og reglur þess (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Hafa verður einnig í huga að „tungumálið er ekki eingöngu tæki til samskipta heldur skiptir það lykilmáli í þroska barna, sérstaklega þeim vitsmunarþroska sem er undirstaða læsis og óhlutlægrar hugsunar, skilgreiningu hugtaka og greiningu orða eftir því hvaða hlutverki þau gegna í setningum“ (Birna Arnbjörnsdóttir 2008:18).

Öll heilbrigð börn fara að mestu leyti sömu leið í máltökunni, skiptir þá engu hvaða tungumál þau eru að læra. Málþroski barna skiptist í ákveðin stig og hverju stigi fylgja ákveðnar reglur. Segja má að hvert stig færi málkerfi barnsins nær málkerfi fullorðinna (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Hér er ekki aðeins átt við íslensk börn, heldur máltöku flestra

barna um allan heim. Flest börn eru orðin altalandi um 4-5 ára aldur, þá hafa þau í meginráttum náð valdi á málkerfinu en halda áfram að bæta við orðaforða sinn alla ævi ásamt því að ná betra valdi á reglum málsins (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). „Talað er um markaldur í máltöku og er þá átt við tímabilið frá fæðingu og fram að kynþroska. Rannsóknir sýna að barn verður að læra móðurmál sitt á þessum markaldri annars er ekki hægt að segja að það hafi neitt mál að móðurmáli” (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

2.1.1 Þróun eðlilegrar máltöku

Hjal ungbarna eru fyrstu hljóðin sem þau mynda. Við sex mánaða aldur myndast fyrstu atkvæðin sem yfirleitt er runa af samhljóðum og sérhljóðum (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Þegar börn eru komin á tíunda mánuð breytist þessi hljóðaruna og börnin fara að mynda fleiri atkvæði. Rannsóknir hafa einnig sýnt að á þessu stigi, svokölluðu hjalstigi, geta börn myndað málhljóð sem ekki finnast í móðurmáli þeirra, t.d. geta íslensk ungabörn myndað rödduð lokhljóð þó svo að þau finnast ekki í íslensku. Eftir því sem börnin þroskast laga þau sig meira að hljóðkerfi móðurmálsins og þar með hverfa þessi hljóð úr máli barnanna (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

Þegar börn ná eins árs aldri mynda þau flest sín fyrstu orð. Þó er mikilvægt að hafa í huga að þetta á alls ekki við um öll börn og að aldur er ekki traustur mælikvarði á málþroska barna. Sum börn mynda t.a.m. sín fyrstu orð þegar þau eru vel komin yfir eins árs aldurinn (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Við eins árs aldur átta börn sig á því að málhljóðin þjóna ákveðnum tilgangi og að hægt sé að nota þau til að ná sambandi við aðra og tjá hug sinn. „Fyrstu orðin eru yfirleitt einföld að gerð, aðeins eitt eða tvö atkvæði og mynduð úr fáum hljóðum, yfirleitt órödduðu lokhljóðunum ‘p’ og ‘t’, nefhljóðunum ‘m’ og ‘n’ og sérhljóðinu ‘a’“ (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Þessi fyrstu orð barnanna eru á við heilar setningar hjá fullorðnum, þetta stig er kallað eins orðs stigið.

Næsta stig í máltökunni nefnist tveggja orða stigið en þá eru börn að setja saman tvö orð. Börn komast á þetta stig þegar orðaforði þeirra hefur að geyma um hundrað orð (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Orðin sem börnin setja saman eru nafnorð, sagnorð og lýsingarorð. Þau ráða hins vegar ekki við smáorð og ýmiss konar málfræðilegar beygingar. Misjafnt er hvað þessar stuttu setningar sem börnin mynda merkja og enginn greinarmunur er gerður á nútíð og þátíð (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Þrátt fyrir þetta ná íslensk börn fljótt tókum á veikri beygingu nafnorða. Á þessu stigi má þó heyra beygingarmyndirnar *pabbi - pabba, api -*

apa, mamma - mömmu o.s.frv. í setningum þeirra (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

Smám saman lengjast setningarnar og börn ná að mynda allt að fimm orða setningar, þar með er næsta stigi setningarþróunarinnar náð. Líkt og áður einkennast setningarnar af nafnorðum, sagnorðum og lýsingarorðum og börnin hafa enn ekki náð valdi á beygingum og kerfisorðum líkt og forsetningum, samtengingum, atviksorðum og fornöfnum (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

Hérna gerast hlutirnir hratt, nú fara kerfisorðin og sagnir í persónuhætti inn í málið, þó mynda börn frekar lengi aðalsetningar með sögn í nafnhætti (eru á svokölluðu nafnháttarstigi). Rannsóknir hafa sýnt að börn, hvar sem er í heiminum, fara á þetta stig í máltöku sinni. Smátt og smátt verða setningar barnanna líkari setningum fullorðinna og þau temja sér reglur móðurmálsins, þ.á.m. um hefðbundna orðaröð (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

Smám saman færa börn sig yfir á það stig að nota spurnarsetningar í máli sínu. Þetta er yfirleitt í kringum tveggja og hálfis til þriggja ára aldurinn en þá lýkur nafnháttarstiginu endanlega. Rannsóknir hafa sýnt að þessi þróun eigi einnig sér stað hjá börnum á sama aldri víðs vegar um heiminn og sé mjög svipuð (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Þessar spurnarsetningar barna innihalda frá byrjun persónubeygða sögn en aldrei sögn í nafnhætti. Smátt og smátt verða spurningar þeirra flóknari og við orðaforðann bætast fleiri afbrigði af spurnarorðum. Rannsóknir hafa einnig sýnt að börn gera sér snemma grein fyrir því hvaða reglur gilda um orðaröð í máli þeirra og er röng orðaröð frekar sjaldgæf í máli þeirra (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

2.1.2 Beyging orða

Hér á undan hefur verið fjallað um hvernig máltaka barna þróast og hvernig barnið færir nær málkerfi fullorðinna með hverju stigi sem það kemst á. Því er vert að skoða aðeins betur hvernig börn ná tökum á erfiðari þáttum málkerfisins, líkt og beygingu orða.

Beyging orða og hvernig börn læra hana gefur góða sýn á regluleika barnamáls. Fleirtölu- og þátíðarmyndir orða eru með þeim fyrstu beygingarmyndum sem börn læra og koma þær yfirleitt strax fram á öðru ári. Beygingarmyndirnar eru þá oftast nær rétt myndaðar, þátíðarmyndunin „*datt*“ er t.d. með fyrstu orðum sem íslensk börn læra. Þó gera börn ekki greinarmun á nútíð og þátíð á þessu stigi, orðið *datt* getur því bæði átt við eitthvað sem er að gerast rétt í þessu eða átt við eitthvað sem gerðist í gær (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

Á þriðja aldursári eru börn yfirleitt búin að átta sig á muninum á nútíð og þátíð og eintölu og fleirtölu. Á þessu skeiði eru þau gjörn á að alhæfa algengustu beygingarreglur málsins, t.d. að skeyta *-aði* aftan á allar sagnir en *-aði* endingin er ein af fyrstu þátíðarmyndum sem börn læra. Það stafar án efa af því að stærsti og reglulegasti flokkur sagna í íslensku fær þessa endingu í þátíð. Í staðinn fyrir að segja ég *datt*, *hljóp* eða *byggði* segja börn á þessu stigi *dettaði*, *hlaupaði* og *byggjaði*. Hérna gildir þá aðeins ein regla um þátíðarbeygingu hjá börnum, þ.e. allar sagnir í þátíð fá *-aði* endingu. Fullorðnir eru hins vegar færir í að greina sagnir í veikar og sterkar sagnir í máli sínu og vita jafnframt að flokkarnir greinast síðan í undirflokkum sem eru misjafnlega algengir (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

Þegar börn komast á næsta stig hafa þau lært beygingarendingar veikra sagna í íslensku en þær eru *-di* og *-ti* til viðbótar við *-aði*. Þó svo að þau hafi lært þessar þátíðarendingar þýðir það ekki að þau noti þær alltaf rétt, segja má að flest börn fari í gegnum það stig þegar þau alhæfa endingarnar *-di* eða *-ti*, þó svo að hinar endingarnar séu eitthvað notaðar líka. Þrátt fyrir að þessum endingum sé bætt aftan við veikar og sterkar sagnir, að svo er virðist á hvaða hátt sem er, fara börnin þó oftast nær eftir ákveðnum reglum þar sem t.d. stofninn og hljóðin í honum skipta máli þegar ákveðið er hvaða þátíðarendingu hann fær. Börn segja þá *hlaupti*, *brjótti* og *skjótti*, þ.e. nota *-ti* endingu, þau nota hins vegar *-di* endingu á *saumdi*, *skríddi* og *syngdi* (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001). Þegar börn nota sagnir á þennan hátt er ekki um villu að ræða heldur má segja að barnið búi til málkerfi. Frávik frá því sem telst venjulegt.

Að síðustu læra börn sterka beygingu sagna og önnur atriði í beygingarkerfinu sem flokka má sem óregluleg. Á þessu má sjá að börn ná smám saman valdi á flóknari reglum beygingarfræðinnar og tileinka sér rétta beygingu móðurmáls síns. Allt þetta ferli er tímafrekt og sýna rannsóknir sem gerðar voru á íslenskum börnum að þau eru enn við átta ára aldur að reyna að ná valdi á þessum óreglulegu beygingaratriðum málsins (Sigríður Sigurjónsdóttir 2001).

Þegar börn læra að nota fleirtölu á það sama við og greint var frá hér að ofan, þ.e. almennustu og auðveldustu reglurnar lærast fyrst og síðan erfiðari og óreglulegri. Fram kemur í rannsókninni frá 1980-1983 að eins og geta mátti sér til um eiga börn miserfitt með að mynda fleirtölu af gefinni eintölu. Fjögurra ára börnin í rannsókninni áttu auðveldast með að mynda fleirtölu í reglulegu beygingarflokkunum. Í þessa flokka falla þau orð sem koma ný

inn í málið og kallast þeir opnir flokkar (Sigurður Konráðsson 1987:30). Því má segja að börn læri fyrst opnu eða reglulegu beygingarflokkana. Síðast læra þau óreglulegu flokkana, þar sem þarf að beita erfiðum hljóðreglum. Þó svo að í þessa flokka falli orð sem eru algeng í íslensku máli, líkt og *maður*, *auga*, *hurð*, *fótur* og *hvalur*, virðast börnin eiga í erfiðleikum með að mynda fleirtölu af þeim. Það gæti m.a. stafað af því að fleirtala þessara orða myndast á mismunandi hátt (Sigurður Konráðsson 1987:30). Þetta er í samræmi við það sem áður hefur komið fram, þ.e. að börn séu lengur að tileinka sér þau atriði sem teljast óregluleg í málinu. Í þessu sambandi má nefna að börn læra reglurnar ekki endilega í réttri röð og eru gjörn á að alhæfa. Barn sem veit að fleirtalan af orðinu *maður* er *menn*, gæti samt sagt *mennir* vegna þess að það er gjarnt á að alhæfa með *-ir* endinguna.

Fjögurra ára börnin í rannsókninni áttu auðveldast með svokallaðar „0 - aðgerð“ og „eina aðgerð“. Í 0 - aðgerðinni er fleirtalan sú sama og eintalan. Ástæða þess að þau hafi átt auðvelt með þessa aðgerð gæti verið sú að fleirtala barna sé í fyrstu táknuð með einhvers konar töluorðum (Indriði Gíslason o.fl. 1986:140). Ein aðgerð felur í sér, eins og nafnið gefur til kynna, eina einfalda aðgerð. T.d. *-ur* verður *-ar*; *hundur* verður *hundar* eða þá að hljóðvarp eigi sér stað, en þar tókst mörgum fjögurra ára börnum vel til í rannsókninni. Hins vegar áttu þau í vandræðum með að beita tveimur aðgerðum. Sú aðgerð er fólgin í að stofn og beygingarending breytist, t.d. *töng* verður *tangir* (Indriði Gíslason o.fl. 1986:140). Hjá sex ára börnunum hafði hins vegar endurtekning á eintölu í fleirtölu minnkað til muna. Myndun fleirtölu var að sama skapi mun fjölbreyttari, þó að henni væri ekki alltaf beitt rétt (Indriði Gíslason o.fl. 1986:141). Líkt og kemur fram í eldri rannsókninni: „Samt sem áður er greinilegt að töluvert vantar á að sex ára börnin leysi allar þrautir á þann hátt sem þeim var ætlað.“ (Indriði Gíslason o.fl. 1986:122). Samkvæmt rannsókninni þróast fleirtala mest hjá börnum á aldrinum þriggja til fjögurra ára og jafnframt er það mjög einstaklingsbundið hvenær viss atriði lærast og í hvaða röð (Áslaug Marinósdóttir o.fl. 1980:44).

2.2 Máltaka tvítyngdra barna

Eins og áður segir er móðurmál hér skilgreint sem það mál sem barnið lærir fyrst og talar alla jafna heima hjá sér í barnæsku (Elín Þöll Þórðardóttir 2007:103-104). Oftast leikur enginn vafi á hvert móðurmál eintýngdra barna er en málið gæti verið öllu snúnara þegar um tvítyngd börn er að ræða. Þó svo að foreldrar þessara barna telji móðurmál sitt vera móðurmál barna sinna þarf það ekki að vera. Í sumum tilfellum er móðurmál ekki það

tungumál sem barnið nær bestum tókum á, það gæti m.a. stafað af því að börnin búa ekki í því landi sem móðurmálið er talað og ganga t.d. í skóla þar sem kennsla fer fram á öðru tungumáli. Þetta á við um börnin sem prófuð voru í rannsókninni sem lýst er hér á eftir. Sum börn hafa gott vald á móðurmáli sínu en nota samt sem áður annað tungumál í starfi sínu og hinu daglega lífi. Sums staðar fær fólk ekki tækifæri til að tala móðurmál sitt, m.a. vegna þess að landið sem það býr í býður ekki upp á það að móðurmál viðkomandi sé talað. Þá er hætta á því einstaklingurinn tapi móðurmálinu smám saman niður (Elín Þöll Þórðardóttir 2007:104).

Margar og misgóðar útskýringar á tvítyngi hafa komið fram í gegnum tíðina og er því erfitt að setja niður eina útskýringu sem allir eru sáttir við. Eins og áður segir getur sá einstaklingur talist tvítyngdur sem notar tvö tungumál að einhverjum hluta í sínu daglega lífi, þó svo að kunnáttan í öðru málinu sé oft og tíðum notuð sjaldnar (Elín Þöll Þórðardóttir 2007:102). Þ.e. kunnáttan í þeim málum sem talað er, þarf ekki að vera jöfn og má reyndar segja að aldrei sé hægt að ná fram jafn góðri kunnáttu í báðum tungumálum. Mismunandi er því hve miklum tvítyngishæfileikum fólk býr yfir (Elín Þöll Þórðardóttir 2007: 102-103). Þessi skilgreining á vel við börnin sem lýst verður hér á eftir. Þó þau búi öll í Þýskalandi er misjafnt hve góðum tókum þau hafa náð bæði á móðurmáli sínu, íslensku, og þýsku. Að baki því liggja mismunandi ástæður, sem greint verður frá nánar síðar.

Eins og list hefur verið hér að framan er máltaka heilbrigðra barna hvar sem er í heiminum nokkuð lík og má í raun tala um meðfædda hæfileika sem leiða börn áfram á máltökuskeiði þeirra (Höskuldur Þráinsson 2005:636). Á þetta hins vegar bara við um eintyngd börn? Þ.e. börn sem tala aðeins eitt tungumál, móðurmál sitt eða gengur máltaka barna sem læra annað mál eins fyrir sig? Elín Þöll Þórðardóttir fjallar um móðurmál og máltöku annars máls í grein sinni *Móðurmál og tvítyngi*. Þar byrjar hún umfjöllun sína á þessum orðum „...tvítyngd börn eru fyrst og fremst bara börn og máltaka á tveimur málum lýtur í grundvallaratriðum sömu lögmálum og máltaka á einu máli“ (Elín Þöll Þórðardóttir 2007:102). Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á þetta, þ.e. að máltaka ein- og tvítyngdra barna sé mjög svipuð og fari í grófum dráttum eins fram, þ.e. málfræðiatríðin lærast í svipaðri röð og sama kunnátta í tungumálunum næst að lokum. Hraði máltökunnar hjá þessum börnum er hins vegar ekki alltaf sá sami og fer það eftir mismunandi þáttum. Má því segja að hér liggja munurinn á máltöku ein- og tvítyngdra barna (Elín Þöll Þórðardóttir 2007:105). Hraðinn skiptir t.a.m. máli þegar börn eru að læra að tala, hvort sem um móðurmál eða annað mál er að ræða. Hve fljótt börn ná valdi á málinu, fer eftir ílaginu, þ.e. hve miklum tíma börnin verja

í samneyti við fólk sem talar málið (Elín Þöll Þórðardóttir 2007:107). Það skiptir einnig miklu máli hvenær börn læra annað mál. Hvort það sé samtímis móðurmálinu eða þau læri fyrst móðurmálið og síðan annað mál. Því greint er á milli þess þegar börn læra tvö mál samtímis (kallað jafnhliða tvítyngi) og þess þegar þau læra hvort málið á eftir öðru (kallað áunnið tvítyngi). Hér á eftir verður fjallað um þessa tvo þætti og munurinn á þeim útskýrður.

2.2.1 Tvö mál á sama tíma

Margar ástæður geta legið að baki því að börn læri tvö mál á sama tíma. Foreldrar barnsins geta komið hvort frá sínu landinu, börnin alast upp í öðru landi þar sem móðurmál þeirra er ekki talað o.s.frv. Ef þetta er raunin er stundum sagt að barnið hafi tvö móðurmál. Þetta er hins vegar háð því að barnið læri þessi tvö mál fyrir 11-12 ára aldur, þ.e. á markaldri máltökunnar, að bæði málin séu notuð reglulega og að málumhverfið bjóði upp á það (t.d. að barnið hafi gott aðgengi að báðum málunum, m.a. í skóla og félagsstarfi) (Birna Arnbjörnsdóttir 2000:11). Því sem hér er líst kallast virkt tvítyngi.

Eins og áður sagði er munurinn á máltöku ein- og tvítyngdra barna ekki svo ýkja mikill. Orðaforði þessara barna er t.a.m. ekki minni en jafnaldra þeirra, það gæti hins vegar virst vera svo ef aðeins orðaforði hvors máls fyrir sig er skoðaður. Hins vegar ef samanlagður orðaforði í báðum málunum er metinn sést að hann er svipaður og jafnvel meiri en hjá þeim börnum sem eru eintyngd. Munurinn liggur hins vegar í hraðanum, eins og áður hefur komið fram, ný orð koma t.d. hægar inn í orðaforðann hjá börnum sem læra tvö mál samtímis og það gæti verið að þau séu lengur að byggja upp fjölbreyttan orðaforða í hvoru málinu fyrir sig (Þóra Másdóttir 2000:33).

Máltaka hvors tungumáls fer fram á svipaðan hátt, þó virðist það vera tilhneiging hjá börnum sem læra tvö tungumál á sama tíma að viss atriði innan tungumálsins lærast í ákveðinni röð og fer það eftir tungumálinu hver þessi röð er (Elín Þöll Þórðardóttir 2007:105). Segja má að tvö mál sem lærð eru samtímis vinni að vissu leyti saman hjá ungum börnum, hins vegar læra þau nokkuð fljótt að skilja þessi tvö tungumál að í máltökunni eða fyrir þriggja ára aldur (Þóra Másdóttir 2000:33). Þó er algengt á meðal tvítyngdra barna og jafnvel fullorðinna að blanda málunum saman þegar talað er. Algengt er að gripið sé til þess t.d. þegar barnið vantar orð á öðru tungumálinu. Þetta er þó háð því að sá sem talað er við þekki bæði tungumálin sem notuð eru. Áður fyrr var þessi hegðun skilgreind sem málvilla.

Nú er þetta hins vegar frekar talin eðlileg þróun málnotkunar hjá tvítyngdu fólki (Elín Þöll Þórðardóttir 2007:106).

2.2.2 Tvö mál hvort á sínum tíma

Að læra annað mál eftir að móðurmál er lært getur verið svolítið snúið og oft og tíðum erfið reynsla fyrir börn sem þurfa að takast á við það. Hve vel gengur að læra annað mál fer oftast eftir því hve góða þekkingu barnið hefur á móðurmáli sínu. Þó verður að hafa í huga að móðurmál lærist alla ævi og því ekki raunhæft að ætlast til þess að ung börn og börn á grunnskólaaldri hafi fullkomið vald á móðurmáli sínu (Elín Þöll Þórðardóttir 2007:108).

Þóra Másdóttir skiptir máltöku barna á öðru máli í stig í grein sinni, *Tvítyngi og frávik í málþroska*. Á fyrsta stiginu notar barnið móðurmál sitt í samskiptum við aðra, þótt að viðkomandi tali ekki móðurmál barnsins. Þetta getur orðið til þess að barnið gefst upp á því að reyna að tala. Annað stigið er svokallað „hljóða tímabilið“ en þá er barnið að hlusta á nýja tungumálið og „soga“ það í sig. Þetta tímabil getur varað frá nokkrum vikum upp í mánuði. Á þriðja stiginu er hinn svokallaði „skeytastíll“ alls ráðandi, barnið tjáir sig í mjög stuttu máli og notar þá oft aðeins óbeygd nafnorð og sagnorð og smáorð til að tjá hugsun sína eða langanir. Eftir að barnið hefur gengið í gegnum öll þessi stig getur það tjáð sig svo vel skiljist. Hins vegar er margt enn ólært, s.s. að fínþússa málið, nota málfræðibeygingar og bæta við orðaforðann. Máltaka barna sem læra annað mál á eftir móðurmálinu tekur því lengri tíma en ef málin eru lærð samtímis (Þóra Másdóttir 2000:33-34).

Þóra Másdóttir dregur þá ályktun að sú kenning sem sett var fram hér að ofan, að kunnátta í móðurmáli skipti máli þegar annað mál er lært eigi því meira eða aðeins við þau börn sem læra annað mál á eftir móðurmáli, en ekki þau sem læra málin samtímis (Þóra Másdóttir 2000:34). Þessu til stuðnings má m.a. nefna lestur barna, þau börn sem hafa náð grundvallaratriðum í lestrarnámi eiga auðveldara með að ná færni í lestri á hinu nýja máli en þau sem hafa ekki góða lestrarkunnáttu. Hæfileikinn til að lesa flyst á milli mála svo framarlega sem grundvallaratriðin í málunum séu þau sömu, s.s. stafróf og ritkerfi (Birna Arnbjörnsdóttir 2008:18).

2.3 Fleirtölubeyging nafnorða

Komið hefur fram að máltaka barna sé samspil margra þátta og því í raun undravert hvernig börn ná að tileinka sér móðurmál sitt og jafnvel annað tungumál svo að segja áreynslulaust.

Þegar kanna á málþroska barna má gera það með ýmsum hætti. Í þessari rannsókn er fleirtala nafnorða skoðuð og málþroski barnanna þriggja sem prófuð voru metinn út frá því hvernig þau mynda fleirtölu. Með því að kanna fleirtölumyndun barna er hægt að fá einhverja mynd á stöðu margra beygingarflokka nafnorða, hversu fljótt börn læra að mynda fleirtölu orða úr þeim og á hvaða stigi málþroskans börnin eru (Indriði Gíslason o.fl. 1986:111). Í rannsókn Indriða Gíslasonar, Sigurðar Konráðssonar og Benedikts Jóhannessonar frá 1980-1983 er fjallað um íslenskt mál. Þar segir: „Íslenska er beygingarmál. Fallorð og sagnir hafa fjölbreytilegar myndir. Er þetta eitt helsta einkenni á íslensku málkerfi samanborið við þau tungumál sem skyldust eru“ (Indriði Gíslason o.fl. 1986:107).

Í íslensku eru flest fallorð (orð sem fallbeygjast) til í eintölu og fleirtölu og er það merking orðsins sem ræður því í hvorri tölunni það er (Guðrún Kvaran 2005:174). Myndun fleirtölu er einnig mismunandi eftir því hvort orðið beygist veikt eða sterkt. Þetta þýðir að öll karlkynsorð mynda ekki fleirtölu eins, það sama á við um kvenkyns- og hvorugkynsorð. Þegar talað er um veika beygingu orða er átt við að þau orð sem enda á sérhljóðum í öllum föllum eintölu beygjast veikt, líkt og orðið *hani*. Þetta mætti einnig kalla sérhljóðabeygingu. Í sterkri beygingu enda orð í eignarfalli eintölu á samhljóða, líkt og orðið *hestur*. Þetta mætti einnig kalla samhljóðabeygingu (Höskuldur Þráinsson 2006:200).

Til að fá hugmynd um hvaða endingar eru algengar í fleirtölu verður flokkum fleirtölu lýst stuttlega hér á eftir og dæmi sýnd til útskýringar. Orðin sem notuð eru til útskýringar eru orð sem prófuð voru í fyrrnefndri rannsókn.

Sterk beyging, hvorugkyn: Í þessum flokki er myndun fleirtölu nokkuð einföld. Fleirtala margra orða er eins og eintalan, þ.e. það þarf ekki að breyta um mynd orðsins til að mynda fleirtölu. Hér er um svokallaða 0 - aðgerð að ræða, *ljón* verður *ljón* í fleirtölu. Í öðrum tilfellum þarf að beita einni aðgerð og fleirtalan myndast þannig að stofnsérhljóðið hljóðverpist, *blað* verður þá *blöð*. Þetta gerist aðeins þegar stofnsérhljóðið er *a* og kallast u - hljóðvarp (Indriði Gíslason o.fl. 1986:112).

Sterk beyging, karlkyn: Endingarnar *-ar* og *-ir* einkenna þennan flokk. Oft er þá um eina aðgerð að ræða og felst hún í svokölluðum skiptum á endingum *hund-ur* verður *hund-ar*. Hins vegar er einnig hægt að bæta endingu við orðið *grís* verður *grís-ir*. Fleirtalan getur þó verið flóknari en þetta, ef orðið *kjóll* er skoðað sést að í fleirtölunni, *kjólar*, bætist ekki aðeins ending við heldur breytist stofninn einnig *-ll* verður að *-l-*. Að sama skapi getur stofnsérhljóðið hljóðverpst, *þráð-ur* breytist í *þræð-ir*. Í báðum þessum tilfellum er um tvær

aðgerðir að ræða. Þó svo að langflest orðin í þessum flokki fái endingarnar *-ar* og *-ir* fá örfá karlkynsorð endinguna *-ur* í fleirtölu, t.d. orðið *fótur*. Orðin *fótur*, *maður* og *skór* flokkast undir óreglulega beygingu og má því búast við að börnin læri hana seinna (Indriði Gíslason o.fl. 1986:112-113).

Sterk beyging, kvenkyn: Líkt og í sterkri beygingu, karlkyni mynda langflest orðin í þessum flokki fleirtölu með endingunum *-ar* eða *-ir*, *skeið* verður *skeiðar* og *sól* verður *sólir*. Að sama skapi hafa fáein *-ur* endingu *geit* verður *geit-ur*, og enn önnur jafnvel tvær fleirtölur; *-ur* og *-ir*, líkt og í orðinu *töng*. Hér er um eina aðgerð að ræða. Í nokkrum orðum þarf að beita tveimur aðgerðum til að mynda fleirtölu, þ.e. stofnbreytingar og endingar, sbr. *sög* sem verður *sag-ir* í fleirtölu. Sama má segja um orðið *bók*. Eina orðið í prófinu sem er kvenkynsorð og hefur óreglulega fleirtölu er orðið *mús* sem verður *mýs* í fleirtölu (Indriði Gíslason o.fl. 1986:113-114).

Veik beyging, hvorugkyn: Örfá orð í íslensku falla í þennan flokk og eru flest af þeim heiti á líffærum, þau mynda fleirtölu með *-u*. Þrátt fyrir að þessi orð séu fá eru þau fremur algeng í málinu, þetta eru orðin *auga* sem verður *augu* og *eyra* sem verður *eyru*. Þessi orð voru prófuð í rannsókninni en einnig orðið *hjarta* sem verður *hjörtu*. Hér þarf að beita tveimur aðgerðum, þ.e. breyta stofni og beygingarendingu (Indriði Gíslason o.fl. 1986:114).

Veik beyging, karlkyn: Flest öll orðin í þessum flokki fá fleirtöluendinguna *-ar*, t.d. *fáni* verður *fán-ar*. Sum veik karlkynsorð fá þó stundum endinguna *-ir*, eru það langflest orð sem merkja þjóðarheiti, sbr. *Dani* verður *Danir* (Indriði Gíslason o.fl. 1986:114).

Veik beyging, kvenkyn: Aðalreglan í þessum flokki er sú að flest orð mynda fleirtölu með *-ur*, *panna* verður *pönnur*. Þetta á einnig við um þau orð sem prófuð voru í rannsókninni. Hins vegar eru til kvenkynsorð sem enda á *-i* í eintölu og eru sjaldgæf í fleirtölu. Þau fá annað hvort *-ar* eða *-ir* endingu (Indriði Gíslason o.fl. 1986:115).

3. Rannsókn

Hér verður fjallað um undirbúning og framkvæmd rannsóknarinnar. Byrjað verður á því að lýsa þátttakendum ítarlega, þá verður fjallað um mælitækið eða myndaprófið og að lokum verður framkvæmd prófsins útlistuð.

3.1 Þátttakendur

Börnin sem valin voru sem þátttakendur í rannsókninni þurftu að uppfylla ákveðin skilyrði. Þau urðu öll að vera íslensk og búa erlendis, hafa náð nokkuð góðum tókum á móðurmáli sínu, íslensku, sem og öðru máli og nota það (annað málið) í daglegum samskiptum. Að sama skapi þurftu þau að hafa stundað nám í erlendum skóla. Einnig urðu börnin að vera sem næst sex ára aldri til að hægt væri að bera þau saman við börnin í rannsókninni frá 1980-1983.

Börnin þrjú sem þreyttu prófið uppfylltu öll þessi skilyrði. Hér eru þau kölluð Ari, Bjarni og Líska. Jafnframt þótti áhugavert að skoða þessi börn vegna mismunandi bakgrunns þeirra. Þrátt fyrir að þau séu öll Íslendingar er bakgrunnur þeirra afar ólíkur, sem getur skipt máli þegar útkoma prófsins er skoðuð og þau miðuð við börnin í eldri rannsókninni. Ari er t.d. fæddur á Íslandi og er eini af börnunum sem gengið hefur í íslenskan skóla. Bjarni og Líska eru bæði fædd í Þýskalandi en Bjarni flutti þegar hann var tveggja ára til Spánar og bjó þar í sex ár. Þessi mismunandi bakgrunnur hefur án efa áhrif á árangur barnanna í prófinu. Öll börnin tala þýsku en eru komin mislangt í henni og gæti það einnig skipt einhverju máli.

Börnin þrjú eru á aldrinum 6-8 ára, eru öll tvítyngd og búa með foreldrum sínum í Þýskalandi. Börnin eiga það öll sameiginlegt að eiga íslenska foreldra og því er aðeins töluð íslenska heima fyrir. Mikil áhersla er lögð á lestur á heimilum barnanna, lesið er fyrir þau á íslensku og þau einnig látin lesa sjálf á íslensku. Foreldrar barnanna eru meðvitaðir um mikilvægi þess að viðhalda íslenskunni og að lestur íslenskra bóka sé góð leið til að stuðla að því. Þau fara öll nokkrum sinnum á ári heim til Íslands og hitta þar vini sína og ættingja. Þegar þau eru heima á Íslandi, t.d. á sumrin, fara þau á leikjanámskeið og sækja æfingar í þeim íþróttagreinum sem þau stunda. Þetta stuðlar allt að því að viðhalda íslenskunni og auka við orðaforða og þekkingu á móðurmáli þeirra. Íþróttir skipa stóran sess í lífi þessara barna. Ari og Bjarni æfa báðir handbolta en Líska æfir fótbolta. Í gegnum íþróttirnar eiga þau í samskiptum við jafnaldra sína og fá um leið gott tækifæri til að tjá sig á þýsku og auka kunnáttu sína í tungumálinu.

Hér verður bakgrunnur hvers barns skoðaður og sýnt fram á hversu ólíkur hann er bakgrunni hinna barnanna.

3.1.1 Ari

Ari er fæddur í ágúst árið 2002 á Íslandi og var því sjö ára og sex mánaða þegar hann tók þátt í rannsókninni. Hann gekk í íslenskan leikskóla þar til hann var fjögurra ára en þá flutti hann til Þýskalands. Að sögn foreldra hans tók það hann um hálf tveggja ár að ná góðum tókum á þýskunni og eiga í góðum talsamskiptum við börnin á leikskólanum. Ari gekk í gegnum hið svokallaða „hljóðatímabil“, sem áður hefur verið fjallað um, í upphafi máltöku sinnar í þýsku. Hann talaði ekkert í leikskólanum í u.þ.b. hálf tveggja ár. Þá var eins og skrúfað hefði verið frá þýskunni og kunni Ari hana nokkuð vel, loksins þegar hann talaði hana. Hann stoppaði hins vegar frekar stutt á þeim stigum sem á eftir komu og getur tjáð sig mjög vel á þýsku í dag. Eflaust má þakka móðurmálskunnáttu hans hve fljótur hann var að ná tókum á þýskunni. Ari fellur í hóp þeirra barna sem hafa lært tvö tungumál, hvort á sínum tíma.

Fjölskyldan flutti til Íslands þegar hann var sex ára og byrjaði hann þá í fyrsta bekk. Stoppið var þó stutt eða aðeins eitt ár og flutti fjölskyldan aftur til Þýskalands og núna gengur hann í annan bekk þar. Ari á eina yngri systur sem er 21 mánaðar. Foreldrarnir eru mjög meðvitaðir um mikilvægi þess að halda íslenskunni við og láta hann m.a. alltaf lesa í íslenskrri bók fyrir svefninn, íslenska er töluð heima fyrir og hann horfir af og til á íslenskt barnaefni. Ari talar góða íslensku, hefur góðan orðaforða og er að komast á gott ról með að lesa hana sjálfur þó svo að lesturinn hafi gengið illa til að byrja með. Það helsta sem foreldrarnir taka eftir sem bæta má í íslenskunni er beygingarfræðin, hann beygir oft vitlaust. Ari fer u.þ.b. þrisvar á ári heim til Íslands og dvelur í tvær til þrjár vikur í senn. Leikmál hans fer eftir því hvar hann er staddur, í Þýskalandi leikur hann sér nánast bara á þýsku en þegar hann fær Íslendinga í heimsókn leikur hann sér alltaf á íslensku. Á Íslandi er íslenska leikmál hans. Það tók hann örskamman tíma að ná tókum á þýskunni aftur og talar hann hana mjög vel, svo að segja lýtalaust. Einnig hefur hann náð góðum tókum á þýskri málfræði. Foreldrarnir telja að tungumál Ara standi nokkurn veginn jafnfætis í dag, ef eitthvað er þá er hann aðeins betri í þýskunni.

3.1.2 Bjarni

Bjarni er fæddur í Þýskalandi í september árið 2001 og var því átta ára og fimm mánaða þegar hann tók þátt í rannsókninni. Fjölskyldan bjó í Þýskalandi til ársins 2003, þá fluttist fjölskyldan til Spánar og bjó þar í sex ár. Bjarni hefur búið í Þýskalandi frá haustinu 2009. Hann sker sig frá hinum börnunum í rannsókninni að því leyti að hann hefur búið meirihluta ævi sinnar á Spáni og er spænska því hans annað mál en ekki þýska. Hann gekk ekki í spænskan leikskóla áður en hann hóf skólagöngu sína. Eftir dvölinu á Spáni talar hann og les spænsku reiprennandi. Bjarni býr yfir virku tvítyngi og má segja að íslenska og spænska teljist bæði sem móðurmál hans. Hann á tvö systkini, eldri systir hans er 11 ára og sú yngri er tveggja ára.

Foreldrar Bjarna passa upp á að halda íslenskunni við, hann hefur t.d. gaman af því að spila tölvuleikinn *Glóa geimveru* en í honum lærir geimveran Glói að lesa. Foreldrarnir hafa alla tíð lesið mikið fyrir börnin á íslensku eða sagt þeim sögur. Móðir hans er hins vegar ekki alveg viss hvort hann lesi sjálfur meira á íslensku eða spænsku. Öðru hverju horfa þau á íslenskt sjónvarpsefni ásamt því að íslenska er töluð heima fyrir. Hann hefur aldrei gengið í íslenskan skóla en leikmál hans er íslenska. Á Spáni var leikmál hans spænska, þar átti hann spænska vini. Hann hefur hins vegar ekki náð að eignast þýska vini. Bjarni gengur í alþjóðlegan skóla, þar sem kennslan fer fram á ensku en í honum lærir hann einnig þýsku. Í skólanum mætti því segja að leikmál hans sé enska. Áður en hann byrjaði í skólanum talaði hann litla sem enga ensku og gekk í gegnum fyrrnefnt hljóðatímabil eins og Ari þegar hann átti að fara að læra ensku, það sama átti við um þýskuna. Nú er hann hins vegar fær um að halda uppi samræðum á ensku og gengur miklu betur að leysa heimaverkefni, t.d. að skrifa á ensku.

Í dag er íslenska aðaltungumálið hans, þ.e. talmálið, á Spáni var það spænskan. Eftir að fjölskyldan fluttist til Þýskalands hefur dregið úr því að hann tali og hugsu á spænsku. Það má rekja til þess að tvö ný tungumál bættust þá við, þ.e. enska og þýska. Því má segja að hvað þýskuna og enskuna varðar sé einnig hægt að flokka Bjarna með þeim börnum sem læra tvö mál hvort á sínum tíma. Bjarni lærði þýskuna og enskuna eftir að hann lærði móðurmál sitt. Hann er þó líklegast enn betri í að skrifa spænsku en íslensku. Í dag horfir hann hins vegar lítið sem ekkert á spænskt sjónvarpsefni og þar af leiðandi heyrir hann nánast aldrei spænsku. Eins og áður sagði les Bjarni þó töluvert enn á spænsku. Enska og þýska eru honum

ofar í huga þessa dagana. Þar sem hann leikur sér ekki mikið við þýsk börn mætti ætla að hann ætti erfitt með að tjá sig á þýsku. Það er hins vegar ekki raunin og getur hann talað þýskuna að einhverju leyti. Þegar móðir hans var spurð út í þetta þá svaraði hún því til að helsta ástæðan fyrir þessu gæti verið handboltinn en Bjarni æfir handbolta með þýskum börnum og lærir þýskuna þá þar. Bjarni fer þrisvar til fjórum sinnum á ári til Íslands.

3.1.3 Lísa

Lísa er fædd í Þýskalandi í apríl árið 2003 og var því sex ára og tíu mánaða þegar hún tók þátt í rannsókninni. Lísa hefur búið í Þýskalandi alla sína ævi. Hún gekk í þýskan leikskóla áður en hún byrjaði í grunnskóla. Hún hefur náð mjög góðum tókum á þýskunni og talar hana nánast lýtalaust. Líkt og Bjarni býr Lísa yfir virku tvítyngi og teljast íslenskan og þýskan bæði sem móðurmál hennar. Stúlkan er yngst og á eina eldri systur sem er á ellefta ári. Eins og hjá strákunum eru foreldrarnir meðvitaðir um mikilvægi þess að halda íslenskunni við, á heimilinu er aðeins töluð íslenska. Íslenskan er þjálfuð með því að láta hana æfa sig að lesa íslenskar bækur ásamt því að foreldrarnir lesa fyrir hana íslenskar bækur og blöð.

Foreldrarnir eru einnig duglegir við að láta hana skrifa ættingjum á Íslandi bréf en auk þess á hún oft í samskiptum við þá í gegnum netið. Að auki horfir hún á íslenskar myndir og þætti.

Lísa hefur aldrei gengið í íslenskan skóla. Hún leikur sér meira á þýsku, en þegar íslensk börn eru í heimsókn eða þegar hún dvelur á Íslandi leikur hún sér á íslensku. Lísa fer þrisvar til fjórum sinnum á ári til Íslands og dvelur þá tvær til þrjár vikur í senn. Foreldrarnir telja að hún sé betri í þýsku en íslensku, hlutföllin séu u.þ.b. 60% þýska á móti 40% íslensku.

3.2 Mælitæki

Í þessari rannsókn var notað myndapróf sem þeir Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson notuðu í rannsókn sem framkvæmd var á árunum 1980-1983. Í rannsókninni voru alls prófuð 70 orð, 35 raunorð og 35 bullorð (sjá fylgiskjal I). Orðin voru úr öllum beygingarflokkum nafnorða, bæði sterk og veik og af öllum kynjum. Reynt var að hafa orðin sem fjölbreyttust (Indriði Gíslason o.fl. 1986:115).

Prófið sem um ræðir var búið til eftir prófi sem bandaríski málfræðingurinn Jean Burko gerði. Með prófi sínu vildi hún „kanna hvort og hvenær ákveðnar hljóðkerfislegar og beygingarfræðilegar reglur yrðu hluti af málvitundinni“ (Áslaug J. Marinósdóttir o.fl. 1980:29). Því datt henni í hug að búa til bullorð og prófa málvitund barnanna þannig. Með

því að nota bullorð gat hún verið viss um að börnin notuðu ákveðnar reglur við beyginguna en kynnu hana ekki utan að. Ef orð sem börnin þekktu væru notuð væri alltaf möguleiki á því að þau myndu fleirtölumyndina og notuðu því ekki neinar reglur sér til stuðnings (Áslaug J. Marinósdóttir o.fl. 1980:29).

Tilgangur prófsins í rannsókn Indriði, Sigurðar og Benedikts var að kanna hvernig börn mynduðu fleirtölu af nafnorðum í íslensku. Það sem var ólíkt með íslenska prófinu og prófi Berko var að Berko notaði aðeins bullorð en í íslenska prófinu voru bæði bull- og raunorð notuð, auk þess sem bullorðin í íslenska prófinu voru mun fleiri en í prófi Berko. Það var vegna þess að í íslenska prófinu er megináhersla lögð á fleirtölumyndun, en myndun fleirtölu í íslensku er mun flóknari en myndun fleirtölu á ensku og því þurfti fleiri myndir til að ná yfir alla fleirtölmöguleikana (Áslaug J. Marinósdóttir o.fl. 1980:30).

Eins og áður hefur verið nefnt er prófið myndapróf, börnunum voru „sýndar myndir fyrst af einum hlut eða fyrirbæri og síðan tveimur alveg eins. Börnunum var gefið upp heiti fyrirbærisins í et. og og síðan kyn orðsins í ft.“ (Áslaug J. Marinósdóttir o.fl. 1980:30). T.d. þetta er **darga* (börnunum sýnd mynd af **dörgu*), blaðinu var síðan snúið við og börnunum sýnd önnur mynd, „nú er komin önnur **darga*. Það eru tvær svoleiðis, þetta eru tvær....“ Þá áttu börnin að segja þá fleirtölumynd sem þeim fannst eiga við (Áslaug J. Marinósdóttir o.fl. 1980:30). Prófið svipaði því til prófs Berko á einhvern hátt, í íslenska prófinu varð hins vegar að gefa upp kyn orðanna til að börnin gætu myndað fleirtöluna, því beyging nafnorða í íslensku er ekki eins eftir kynjum (Indriði Gíslason o.fl. 1986:108). Í þessari rannsókn var byrjað á því að spyrja börnin út í raunorðin og síðan var spurt út í bullorðin. Í eldri rannsókninni var ætlast til þess að börnin kæmu með eintölumynd raunorðanna sjálf og þannig mátti kanna hvort þau þekktu orðin sem prófuð voru (Indriði Gíslason o.fl. 1986:116). Hins vegar láðist að gera þetta í þessari rannsókn, sem gæti talist galli á rannsókninni. Því þrátt fyrir að börnin virtust þekkja eintöluna gæti það skýrst af því að prófið var myndapróf og börnin hafi því þekkt orðin af myndunum. Þar af leiðandi er ekki vitað hvort börnin þekktu eintöluna af þeim orðum sem þau mynduðu vitlausa fleirtölu af. Sem ef til vill hefði getað gefið betri mynd af kunnáttu barnanna. Af einhverjum ástæðum var orðið *glas* í hópi bullorðanna í eldri rannsókninni, þ.e. þegar spurt var út í bullorðin var einnig spurt um orðið *glas*. Í úrvinnslu prófsins í þessari rannsókn, var það hins vegar talið með raunorðunum og þá vegna þess að börnin vissu að ekki væri um bullorð að ræða þ.e. þau nefndu alltaf þegar orðið

kom að ekki væri um bullorð að ræða. Þess vegna er talað um í þessari rannsókn að raunorðin hafi verið 36 og bullorðin 34 í þessari rannsókn.

3.3 Framkvæmd

Börnin voru öll prófuð heima hjá sér, með því var reynt að láta börnunum líða sem best og fá fram sem eðlilegastar málaðstæður. Taka skal fram að spyrjandi þekkir börnin vel og gæti það ef til vill haft þau áhrif að börnin voru afslappaðri á meðan prófið fór fram. Ari var prófaður á undan hinum börnunum en Bjarni og Lísu voru prófuð sama dag. Mæður þeirra Bjarna og Lísu voru viðstaddar þegar þau voru prófuð sem ef til vill gæti hafa haft áhrif á það hvernig þau svöruðu. Bjarni svaraði t.a.m. frekar hratt og Lísu virkaði frekar óörugg sem gæti stafað af því að þau hafi viljað standa sig í prófinu vegna þess að mæður þeirra voru viðstaddar. Svör barnanna voru tekin upp á diktafón, til að geta skráð þau sem nákvæmast niður og unnið sem best úr þeim. Fyrirlögn prófsins tók um fimmtán mínútur og gekk nokkuð vel. Áður en börnin voru prófuð, voru þau spurð að því hvort þau vissu hvað fleirtala væri og gat ekkert barnanna útskýrt hana. Hins vegar skildu þau hvað átt var við þegar hugtakið var útskýrt. Því næst var þeim sagt frá prófinu í stuttu máli, út á hvað það gekk og hvað átti að mæla. Tekið var fram að þau ættu að svara nákvæmlega eins og þau héldu að rétt svar hljóðaði og að þau yrðu ekki leiðrétt ef rangt svar kæmi upp. Prófið var síðan lagt fyrir á þann hátt sem útskýrt er hér að ofan, börnunum voru sýndar myndir og þau beðin um að segja fleirtöluna. Ástæða þótti til að endurtaka sum svör barnanna upphátt til að þau heyrðust greinilega, einnig skal tekið fram að börnin breyttu stundum svari sínu. Þá var spurt hvaða svar börnin vildu hafa og það svar tekið til greina.

3.4 Úrvinnsla

Við úrvinnslu gagnanna voru svörin flokkuð eftir hverju barni og skráð niður í forritið *Microsoft Office Excel*. Skráð var hvort myndun fleirtölu væri rétt eða röng. Þegar talað er um rétta fleirtölu og ranga er átt við þær fleirtölumyndir sem teljast viðurkenndar í máli fullorðinna. Í eldri rannsókninni var fleirtalan talin rétt mynduð ef rétt fleirtölumark/mörk komu fram. Að sama skapi taldist það ekki villa ef rétt fleirtölumark kom fram en einstök hljóð voru borin vitlaust fram (Indriði Gíslason o.fl. 1986:118). Í þessari rannsókn var einnig farin þessi leið, þ.e. orð var ekki talið vitlaust ef rétt fleirtölumark kom fram en einstaka hljóð var borið vitlaust fram. Dæmi um þetta er bullorðin **sænn* og **teill*, sem voru þá í fleirtölu


**sænnar* og **teillar* í fleirtölu hjá tveimur börnunum í þessari rannsókn. Ástæðan fyrir þessu er sú að stundum var erfitt að greina hvað börnin sögðu í upptökunni, t.d. hvort um tvöfaldan samhljóða væri að ræða eða ekki og því fá börnin að njóta vafans.

Þá voru svörin flokkuð eftir beygingarflokkum og borin saman við svör barnanna í eldri rannsókninni. Í lokin voru börnin metin út frá svörum sínum og reynt að sjá hvar þau væru stödd í málþroska ásamt því að þau voru borin saman, m.t.t. aldurs, hve góða undirstöðu í íslensku þau höfðu og hve vel þau töluðu annað eða önnur tungumál.

4. Niðurstöður

Ef niðurstöður þessarar rannsóknar eru skoðaðar sést að börnin mynda fleirtölu á nokkuð líkan hátt og eru að einhverju leyti samstíga í málþroska sínum. Hér verður fjallað almennt um niðurstöður myndaprófsins, ásamt því að rýnt verður í niðurstöður hvers barns fyrir sig

4.1 Útkoma þessarar rannsóknar



Mynd 4. 1 Hlutfall réttra svara, öll orðin í prófinu

Eins og sjá má á mynd 4.1 koma raunorðin mun betur út en bullorðin, líkt og búist var við. Það sýnir að börnin kunna (og muna) fleirtölumyndir orða sem þau þekkja en eiga erfiðara með að beita þeim reglum sem gilda um myndun fleirtölu. Að minnsta kosti í tilfellum Bjarna og Lísu


Áhugavert er að skoða hlutfall réttra svara í raunorðunum hjá börnunum en þar voru þau frekar samstíga, þ.e. svöruðu álíka mörgum orðum rétt. Ari er með 89% svara rétt og Bjarni og Lísa 78%, sem verður að teljast mjög góður árangur. Börnin mynduðu t.d. rétta fleirtölu af orðunum *gaffall*, *hvalur* og *hamar* en þessi orð beygjast óreglulega.

Eins og áður segir er árangur barnanna í bullorðunum töluvert lakari en í raunorðunum. Ari myndar í 59% tilfella rétta fleirtölu af bullorðunum og er hann því yfir meðallagi. Útkoma Bjarna er hins vegar frekar slök, 18% réttra svara verður að teljast mjög slakt. Munurinn á réttum svörum á raunorðum og bullorðum hjá Bjarna er því frekar mikill. Lísa siglir síðan á milli drengjanna eins og sést, hún svarar 47% bullorðanna rétt og er árangur hennar ásættanlegur. Þessi niðurstaða gefur til kynna að Bjarni (og í sumum tilfellum Lísa) muni frekar rétta fleirtöluendingu í stað þess að nota málfræðilegar reglur. Þetta styður

enn fremur kenningu Berko um bullorðin sem útskýrð var hér að framan (Indriði Gíslason o.fl. 1986:107).

Ef árangur barnanna er skoðaður eftir aldri sést að Ari sem er fæddur árið 2002 svarar flestum orðum rétt en ekki Bjarni sem er fæddur árið 2001, líkt og búist var við fyrirfram. Munurinn á Ara og Bjarna í bullorðunum er afskaplega mikill og út frá því mætti álykta að Ari sé kominn lengra í málþroska sínum en Bjarni, þ.e. Ari hefur tileinkað sér fleiri og flóknari málfræðilegar reglur en Bjarni, þó að hann sé yngri. Hins vegar ef bakgrunnur drengjanna er skoðaður mætti segja að þessi munur á þeim sé eðlilegur. Ari lærði móðurmál sitt áður en hann lærði annað mál og hóf einnig grunnskólagöngu sína í íslenskum skóla. Bjarni hins vegar á tvö móðurmál, íslensku og spænsku, auk þess sem hann er að læra þýsku og ensku. Öll þessi tungumál geta óneitanlega haft ruglandi áhrif á málkunnáttu Bjarna, líkt og sést á bullorðunum á mynd 4.1. Það verður hins vegar ekki tekið af Bjarna að minni hans er gott eins og sést á gengi hans í raunorðunum.

Með því að skoða árangur barnanna í einstaka beygingarflokkum má sjá hvaða beygingarflokkur er auðveldastur og kemur fyrst inn í málið og hvaða beygingarflokkar eru erfiðastir og lærast seinna. Hafa skal í huga að ekki eru jafn mörg orð í hverjum beygingarflokki.




Mynd 4. 2 Rétt fleirtala raunorða eftir beygingarflokkum

Ef gengi barnanna í raunorðunum er skoðað út frá beygingarflokkunum á mynd 4.2 má sjá að börnunum gekk í heildina mjög vel. Hér eru börnin frekar samstíga eins og áður hefur komið fram og ekki mikill munur á getu þeirra. Þó verður að hafa í huga að ekki eru jafn mörg orð í hverjum beygingarflokki. Veiku beygingarflokkarnir hafa t.a.m fæstu raunorðin, í hvorugkyni

eru tvö raunorð og þrjú raunorð í karl- og kvenkyni. Flest orð í prófinu eru í flokknum sterk beyging, karlkyn eða 32,8% af raunorðunum í prófinu. Börnunum gekk almennt vel með þann beygingarflokk. Ari myndaði rétta fleirtölu af 83% orðanna en Bjarni og Lísu 75%.

Hvað beygingarflokkinn sterka beygingu kvenkyn varðar er árangur Ara í honum góður líkt og sést á mynd 4.2. Í raunorðunum svaraði hann 80% orðanna rétt, Bjarni og Lísu voru hins vegar einungis með um helming orðanna rétt.

Athygli vekur að börnin virðast eiga auðveldara með fleirtölumyndun orða með veika beygingu. Sú tilgáta kviknar að þær málfræðireglur sem lúti að veikri beygingu nafnorða í íslensku séu auðveldari en þær reglur sem eiga við um sterka beygingu. Það gæti stafað af því að í veikri beygingu myndun fleirtölu ekki jafn fjölbreytt og í sterkri beygingu. Því komi þessar reglur fyrir inn í málvitund barnanna.



Mynd 4. 3 Rétt fleirtala bullorða eftir beygingarflokkum

Ef rétt svör á bullorðunum eru skoðuð á mynd 4.3 sést að þá hefur dæmið snúist við. Mikill munur er á börnunum og einnig er munur á milli beygingarflokka. Eins og áður sagði stendur Ari sig best af börnunum. Á mynd 4.3 sést að Ari er með einhver bullorð rétt í öllum beygingarflokkum nema í veikri beygingu hvorugkyni. Það sama á við um Lísu. Bjarni er hins vegar einungis með rétt bullorð í tveimur beygingarflokkum af sex og er árangur hans því slakastur. Munurinn á Ara og Bjarna er því mikill, eins og sést vel á mynd 4.3. Lísu siglir enn á milli drengjanna og er árangur hennar ásættanlegur ef miðað er við aldur hennar.


Hér verður einnig að hafa í huga að fjöldi bullorða í hverjum beygingarflokki er ekki sá sami og fjöldi raunorðanna. Líkt og áður hefur sterk beyging karlkyns flest bullorðin eða 32%. Veiku beygingarflokkarnir hafa líkt og í raunorðunum fæstu orðin.

Beygingarflokkurinn sterk beyging kvenkyn virðist vefjast mest fyrir börnunum í bullorðunum. Ari og Lísu voru aðeins með 20% bullorðanna rétt og Bjarni ekkert.

Athygli vekur að börnin eiga erfiðara með veika beygingu bullorða en raunorða. Hins vegar má sjá að tveir af þremur flokkum veikbeygðra bullorða koma betur út en flokkar þeirra sterkbeygðu. Þetta styður það sem áður var ályktað, þ.e. að málfræðireglur um veika beygingu komi fyrir inn í málvitund barnanna.

4.2 Rannsóknirnar bornar saman

Hér verða þessi rannsókn borin saman við þá eldri og reynt að varpa ljósi á það í hverju munurinn á börnunum í rannsóknunum tveimur liggur, ef einhver er.



Mynd 4. 4 Þessi rannsókn miðuð við eldri rannsóknina

Í eldri rannsókninni voru flest fjögurra ára barnanna með 24 - 43 orð rétt, og stærsti hópurinn af sex ára börnunum var með 48 - 51 orð rétt (sjá mynd 4.4). Fjórðungur sex ára barnanna var með fleiri orð rétt. (Indriði Gíslason o.fl. 1986:121-122).


Ef niðurstöður þessarar rannsóknar eru bornar saman við niðurstöður rannsóknarinnar frá 1980 - 1983 má sjá á mynd 4.4 að árangur Ara (52 orð rétt) er á við árangur bestu barnanna (báðir hóparnir) í eldri rannsókninni. Ekkert fjögurra ára barnanna var með betri árangur en Ari og rúmlega 25, sex ára börn með betri árangur en hann. Ari er því á „réttum“ stað í málþroska sínum, ef svo má segja. Það sama má segja um Lísu (44 orð rétt), hún er einu ári yngri en Ari og því raunhæft að árangur hennar sé aðeins lakari en Ara. Á mynd 4.4 sést að Lísu er á meðal bestu fjögurra ára barnanna (tæplega 20 börn með betri árangur) og

yfir meðallagi samanborið við sex ára börnin. Bjarni (34 orð rétt) hins vegar fylgir meira fjögurra ára börnunum í eldri rannsókninni en þeim sex ára. Eins og sést á mynd 4.4 er árangur Bjarna aðeins yfir meðallagi sé hann borinn saman við árangur fjögurra ára barnanna. Árangur hans er hins vegar undir meðallagi sé miðað við sex ára börnin (u.þ.b. 150, sex ára börn með betri árangur). Því verður að segjast að miðað við þessa rannsókn sé Ari aðeins á eftir jafnöldrum sínum í málþroska.

Til að fá sem gleggsta mynd á hvar börnin þrjú, Ari, Bjarni og Lísu, standa í samanburði við börnin í rannsókninni frá árinu 1980-1983, verður rýnt í niðurstöður hvers barns fyrir sig og árangur þess borinn saman við árangur barnanna í eldri rannsókninni.

4.2.1 Ari

Ari var nokkuð öruggur í svörum sínum og svaraði frekar fljótt, hann skar sig frá hinum börnunum að því leyti að hann var duglegur að leiðrétta sig og koma með rétta fleirtölumynd. Fleirtölumyndun Ara á öllum orðunum í prófinu má sjá í fylgiskjali II.



Mynd 4. 5 Arangur Ara í prófinu miðaður við eldri rannsóknina


Ef gengi Ara í prófinu er skoðað á mynd 4.5 má sjá að hann er vel á veg kominn í málþroska sínum. Í raunorðunum var Ari með 32 orð rétt af 36 og í bullorðunum var hann með 20 orð rétt af 34. Samkvæmt mynd 4.5 er árangur Ara í raunorðunum betri en árangur fjögurra ára barnanna í eldri rannsókninni. Jafnframt fylgir hann þeim sex ára börnum sem sýndu hvað bestan árangur í raunorðunum. Ef gengi Ara í bullorðunum er skoðað sést að Ari er á meðal þeirra fjögurra ára barna sem mynduðu hvað réttustu fleirtöluna. Hann er jafnframt yfir meðallagi í bullorðunum miðað við sex ára börnin í rannsókninni.

Ari virðist vera farinn að átta sig á hljóðvarpi og notar það alloft rétt í prófinu, hann

myndaði t.d. rétta fleirtölu af orðinu *töng*, fleirtölumyndun þess er fremur erfið, en hún krefst tveggja aðgerða, hljóðvarps og beygingarendingar. Orðið kom verst út af öllum raunorðunum sem voru hljóðverpt í prófinu (Indriði Gíslason 1986:136). Að sama skapi virðist *-ir* endingin að einhverju leyti vera komin inn í mál Ara. En hún kemur síðar inn í mál barna. Ari er ekki gjarn á að alhæfa með *-ar* endinguna eða að halda eintölunni óbreyttri í fleirtölunni líkt og algengt var hjá Bjarna og Lísu. Það gefur til kynna að fleirtölumyndun hans sé orðin fjölbreyttari (Indriði Gíslason o.fl. 1986:141). Ari er því farinn að vinna sig yfir á það stig málþroskans þar sem flóknari reglur málsins lærast. Því til stuðnings má nefna að Ari á ekki í miklum vandræðum með fleirtölumyndun orða þar sem engrar eða einnar aðgerðar er krafist, s.s. *rúm* verður *rúm* í fleirtölu (0 - aðgerð) eða *hundur* verður *hundar* (ein aðgerð). Ari er einnig farinn að ráða ágætlega við myndun fleirtölu þar sem tveggja aðgerða er krafist eins og sjá má í orðinu *töng* og bullorðinu **kraða* (sjá fylgiskjal II).

4.2.2 Bjarni

Bjarni svaraði nokkuð fljótt og var frekar viss í sinni sök, leiðrétti sig sjaldan en gaf sér hins vegar oft góðan tíma í að velta fleirtölunni fyrir sér áður en hann svaraði. Bjarni skar sig frá hinum börnunum í myndun fleirtölu á bullorðunum en beygingarendingar hans áttu sér oft engar hliðstæður. Fleirtölumyndun Bjarna á öllum orðunum í prófinu má sjá í fylgiskjali II.



Mynd 4. 6 Árangur Bjarna í prófinu miðaður við eldri rannsóknin66a

Bjarni stóð sig vel í raunorðunum eins og sést á mynd 4.6. Hann var með 28 orð rétt af 36 orðum og er það ásættanlegt. Ef mynd 4.6 er skoðuð sést að árangur Bjarna í raunorðunum er betri en allra fjögurra ára barnanna í eldri rannsókninni. Jafnframt er hann meðal þeirra bestu af sex ára börnunum. Bjarni var t.d. eini af börnunum í þessari rannsókn sem myndaði rétta fleirtölu af orðinu *maður*. Bjarni var hins vegar einnig sá eini sem myndaði vitlausa fleirtölu af orðunum *mús* og *selur*. Árangur hans í bullorðunum er að auki mjög slakur (sjá mynd 4.6) og er hann aðeins með sex orð rétt af 34 orðum. Þar er hann meðal slökustu barnanna í báðum hópunum. Taka skal fram að einhverra hluta vegna hefur gleymst að prófa bullorðið **darga* hjá Bjarna, og því ekki vitað hvernig fleirtölumynd hans af því orði hljómar.

Bjarni var mjög gjarn á að alhæfa fleirtölumynd bullorðanna og þá nær alltaf með endingunum *-ar*, *-rar*, og *-arar*. Þessi fleirtölumyndun Bjarna er hins vegar ekki alveg út í hött, því hann býr til sína eigin reglu. Fleirtöluendingin *-arar* sem Bjarni notar gjarnan á bullorðin, er eins og fleirtöluendingin af orðinu *dansari* sem verður *dansarar* í fleirtölu. Hann hefur búið til þá reglu að fleirtöluendingin í orðinu *dansarar* sé *-arar* en ekki *-ar* og notar þessa reglu svo á bullorðin. Þetta er merki um eðlilegan málþroska hjá Bjarna, þ.e. hann notar ómeðvitað regluna sem hann bjó til.

Einnig er greinilegt er að *-rar* fleirtöluendingin sem Bjarni notar í þessum flokki og hér að framan sé honum töm. Segja má að hún gæti talist nokkuð eðlileg fleirtöluending í karlkynsorðum, t.d. ef orðin *kamar* og *hamar* eru skoðuð en þau eru *kamrar* og *hamrar* í fleirtölu. Endingin er einnig algeng í þeim orðum þar sem *r - ið* er stofnlægt líkt og í orðinu *akur* sem verður *akrar* í fleirtölu. Bjarni gæti hafa túlkað stofnlæga *r - ið* sem hluta af endingunni. Þó gæti ástæðan einfaldlega verið sú að hann hafi búið þessa reglu til á staðnum sé tekið mið af því hversu fljótt Bjarni svaraði. Þá er gert ráð fyrir að hann hafi ekki hlustað eftir kyni orðsins.

Þær villur sem Bjarni gerir eiga sér oft enga hliðstæðu, hvorki í þessari rannsókn né í eldri rannsókninni. Villur Bjarna í bullorðunum eru þó algengari meðal fjögurra ára barnanna í eldri rannsókninni en þeim sex ára. Út frá því má áætla að Bjarni sé ekki kominn á það stig málþroskans þar sem flóknari reglur málsins eru lærðar. Því til stuðnings má nefna að árangur Bjarna í hljóðverptum orðum var ekki góður og er hann nær fjögurra ára börnunum en sex ára börnunum þar.


Athygli vekur að þó svo að aðeins hafi verið krafist einnar aðgerðar við myndun fleirtölu á nokkrum orðum líkt og í *bekkur* og *hurð*, eða í bullorðunum **gros*, **bús* og **neli*

myndaði Bjarni ekki rétta fleirtölu. Þarna var þó um tiltölulega einfalda aðgerð að ræða. Einnig má nefna að þau raunorð sem kröfðust tveggja aðgerða, beygði Bjarni yfirleitt rétt, sbr. orðin *hamar*, *panna* og *bók*.

Gengi hans í bullorðunum styður kenningu Berko um það að með þeim megi kanna hversu vel börnin séu að sér í málfræðilegum reglum (Indriði Gíslason 1986:107). Samkvæmt henni „man“ Bjarni þá frekar fleirtölumynd orðanna í staðinn fyrir að nota málfræðilegar reglur við myndun fleirtölnnar. Þetta góða minni hans á fleirtölumyndun raunorðanna sést t.a.m. vel í fleirtölnni af orðinu maður sem hann einn gerir rétt.

4.2.3 Lísa

Lísa var óruggust af börnunum, sem ef til vill gæti stafað af því að móðir hennar var viðstödd og því hafi hún viljað standa sig vegna hennar, eins og áður hefur verið rætt um. Lísa var frekar lengi að svara í byrjun en svaraði hraðar þegar líða tók á prófið. Ekki er um beina tengingu á milli hraða í svörun og réttra svara að ræða. Fleirtölumyndun Lísu á öllum orðunum í prófinu má sjá í fylgiskjali II.



Mynd 4. 7 Árangur Lísu í prófinu miðaður við eldri rannsóknina 7

Lísa gekk ágætlega í prófinu líkt og sjá má á mynd 4.7. Hún svaraði 28 raunorðum rétt af 36 líkt og Bjarni og 17 bullorðum rétt af 34. Á myndinni má jafnframt sjá að árangur Lísu í raunorðunum er betri en allra fjögurra ára barnanna. Lísa er einnig á meðal bestu sex ára barnanna. Árangur Lísu í bullorðunum er aðeins yfir meðallagi hjá fjögurra ára börnunum. Sé

árangurinn í bullorðunum miðaður við sex ára börnin er hann í meðallagi, jafnvel aðeins undir því.

Það má segja að málþroski Lísu sé á milli fjögurra og sex ára barnanna í eldri rannsókninni. Hún á það til að alhæfa um endingar og er *-ar* endingin vinsælasta fleirtöluendingin hjá henni, hún setur t.a.m. *-ar* endinguna á orðið *grís* í fleirtölu og er sú eina af börnunum í þessari rannsókn sem myndar vitlausa fleirtölu af því orði. En fleirtöluendingin *-ar* er einmitt algengasta endingin í sterkum karlkynsorðum og er hann auðveldasti flokkurinn, eins og margoft hefur verið greint frá áður. Lísa, líkt og Ari og Bjarni, myndaði rétta fleirtölu af orðunum *kjóll*, *hamar*, *gaffall* og *bók*. Myndun fleirtölu á þessum orðum er frekar flókin enda þarf hér að beita tveimur aðgerðum. Að nota tvær aðgerðir við myndun fleirtölu virðist vera að koma smám saman inn í mál Lísu. Sést það t.a.m. á því að Lísa beitir aðgerðinni rétt á nokkur bullorð (**kraða* og **darga*). Lísa virðist einnig vera að ná valdi á myndun fleirtölu með hljóðvarpi, sbr. orðin *bók*, *tjald* og bullorðin **brala*, **kraða* og **darga*. Myndun fleirtölu með hljóðvarpi gekk almennt vel hjá Lísu í prófinu. Fleirtölumyndunin *-ir* sem nefnd hefur verið áður er smám saman að koma inn í mál Lísu, hún myndar t.d. rétta fleirtölu af orðunum *bekkur* og *hvalur* sem bæði krefjast *-ir* fleirtöluendingar. Hins vegar setur hún *-ir* fleirtöluendingu á orðið *þvottavél* í fleirtölu sem er rangt. Það gefur samt sem áður til kynna að þessi ending sé komin inn í málkerfi hennar.

Miðað við það sem komið hefur fram er Lísa komin á það stig þar sem einföldustu orðin og flokkarnir eru lærðir. Sé mið tekið af því að hún nái að mynda fleirtölu þegar tveggja aðgerða eða hljóðvarps er krafist er hægt að segja að hún sé að færa sig á það stig þar sem erfiðu og óreglulegu reglurnar lærast. Því má segja að hún sé nokkurn veginn á réttum stað í málþroska sínum ef tekið er tillit til aldurs hennar.

5. Umræða

Ljóst er að munurinn á börnunum í rannsókninni frá 1980-1983 og börnunum í þessari rannsókn er ekki jafn mikill og búist var við í byrjun. Börnin þrjú eiga margt sameiginlegt með börnunum í eldri rannsókninni, t.d. þau orð sem þau eiga í erfiðleikum með, s.s. orðin *fótur* og *töng* og bullorðin **mogar* og **frímandi*. Flestar af þeim villum sem Ari, Bjarni og Lísa gerðu sáust einnig í eldri rannsókninni, þó svo að einnig hafi borið á fleirtölu sem ekki var algeng eða sást alls ekki. Má þar nefna fleirtöluendingarnar *-rar* og *-arar* sem Bjarni gerði í bullorðunum og alhæfingar barnanna með *-ar* fleirtöluendinguna, hún var t.a.m. mjög algeng í fleirtölumyndun bullorðanna hjá Lísu.

Munurinn á börnunum (innbyrðis) og börnunum í eldri rannsókninni liggur fyrst og fremst í hraðanum, a.m.k. hjá Bjarna og Lísu eins og áður hefur verið greint frá. Fyrr hefur verið fjallað um að þeir orðflokkar sem eru óreglulegir og víkjandi (hafa fá orð) koma smátt og smátt inn í mál barna. Þessir orðflokkar virðast koma aðeins hægar inn í mál Bjarna og Lísu. Þessu til stuðning smá nefna *-ar* endingu, hún er algeng í stærsta beygingarflokki og lærist mjög snemma. Börn eru gjörn á að alhæfa með þá endingu, líkt og algengt var hjá Bjarna og Lísu og þau því enn á þessu „auðvelda stigi máltökunnar“. Þau eru lengur að byggja upp orðaforða sinn, sem gæti m.a. stafað af því að þau þurfa að læra ný orð í fleiri en einu tungumáli. Því verður að skoða sameiginlegan orðaforða barnanna í tungumálunum ef leggja á mat á orðaforða þeirra.

Líkt og öll börnin í eldri rannsókninni eru Ari, Bjarni og Lísa komin með gott vald á auðveldum atriðum málsins og eru að fikra sig yfir í að læra þau erfiðari. Þó svo að þau standi klár á sumum beygingaratriðum sem flokkast sem erfið og óregluleg er frekar um lærða orðmyndun að ræða og gott minni barnanna, en þekkingu á málfræðireglum. Þau hafa því líkt og sex ára börnin í eldri rannsókninni ágætis hugmynd um myndun fleirtölu í móðurmáli sínu þó svo að henni sé ekki alltaf beitt rétt. Út frá þessu og niðurstöðum rannsóknarinnar má áætla að Bjarni og Lísa séu á því stigi málþroskans þar sem auðveldu og einföldu reglur málsins lærast, þó svo að dæmi séu um rétt svör í fleirtölu óreglulegu beygingarflokkanna hjá þeim. Lísa er samt sem áður komin aðeins lengra en Bjarni í málþroska sínum. Ari er hins vegar kominn lengst í málþroska sínum og er að einhverju leyti kominn á það stig þar sem óregluleg og erfið beyging orða lærist. Það sést t.d. á því að fleirtölumyndun hans er fjölbreyttari en hjá Bjarna og Lísu, hann er m.a. farinn að nota *-ir*

fleirtöluendinguna sem komið hefur fram að lærist seinna og notuðu sex ára börnin hana meira en fjögurra ára börnin í eldri rannsókninni (Indriði Gíslason o.fl. 1986:140-141).

Eitt mikilvægt atriði verður að hafa í huga þegar árangur barnanna er skoðaður en það er bakgrunnur Ara og hversu ólíkur hann er bakgrunni Bjarna og Lísu. Ari er sá eini af börnunum sem fæddur er á Íslandi og hefur gengið í íslenskan skóla. Þessi tvö atriði virðast því vera mikilvægar breytur og lykilaatriði í þeirri kunnáttu sem greinir hann frá Bjarna og Lísu. Ari lærði móðurmál sitt áður en hann lærði annað mál ólíkt Bjarna og Lísu og hóf skólagöngu sína í íslenskum skóla, þar sem hann lærði m.a. að lesa. Ílag íslensku, þ.e. hve mikla íslensku börnin heyra í umhverfinu, skiptir því höfuðmáli þegar um tilfinningu fyrir málinu er að ræða. Einnig hefur verið rætt um að góð kunnátta í móðurmáli skipti miklu máli þegar annað tungumál er lært. Kunnátta Ara í móðurmáli sínu hefur því án efa hjálpað honum að ná góðum tókum á þýskunni jafn fljótt og hann gerði.

Önnur breyta sem fyrirfram var búist við að greindi börnin að hvað málfræðikunnáttu varðar, var aldur barnanna. Samkvæmt henni áttu eldri börn að standa sig betur en þau yngri en það stóðst ekki að öllu leyti. Bjarni sem er elstur átti því að standa sig best og vera kominn lengst í málþroska sínum, næstur átti Ari að koma og Lísa átti að vera slökust. Þetta var hins vegar ekki raunin eins og sést á töflu 4.1. Það sem kom mest á óvart var hve slakur Bjarni var í myndun fleirtölu á bullorðunum. Sú frammistaða gefur til kynna að Bjarni sé ekki kominn á þann stað í málþroska sínum þar sem erfið óregluleg atriði málsins lærast og þar með stenst kenning Berko um bullorðin. En hún taldi að með því að prófa börn í myndun fleirtölu á bullorðum þá væri hægt að komast að því hvort börnin beiti málfræðilegum reglum við myndun fleirtölu eða hvort þau „muni“ beyginguna (Indriði Gíslason o.fl. 1986:107).

Gott gengi Bjarna í raunorðunum gefur því til kynna að hann muni fleirtölu þekktra orða en beiti ekki málfræðireglum við myndun þeirra. Ástæðan fyrir þessu liggur svo að segja í augum uppi ef bakgrunnur Bjarna er skoðaður. Á þeim átta árum sem Bjarni hefur lifað hefur hann lært þrjú erlend tungumál auk móðurmálsins. Hann á íslenska foreldra en er fæddur í Þýskalandi árið 2001 og fluttist síðan til Spánar þegar hann var tveggja ára. Því teljast íslenska og spænska sem móðurmál hans. Haustið 2009 flutti fjölskyldan síðan aftur til Þýskalands. Þar gengur Bjarni í alþjóðlegan skóla þar sem kennslan fer fram á ensku. Þau tungumál sem Bjarni hefur lært eru því spænska, þýska og enska auk íslenskunnar og hefur þetta óneitanlega ruglandi áhrif á málþroska Bjarna, eins og sést á gengi hans í prófinu. Flest

öll bullorðin fengu *-rar* eða *-arar* endingu í fleirtölu hjá Bjarna, við fyrstu sýn virðist þessar beygingar vera kolrangar. En ef þessi tilhneiging er skoðuð hjá Bjarna sést að hann hefur búið til sínar eigin reglur og alhæfir hann þær síðan, sama um hvaða beygingarflokk er að ræða. Þetta er algengt hjá börnum og oft alhæfa þau rangar endingar, líkt og sést hjá Bjarna. Þessar endingar eru hins vegar merki um barnamál hjá Bjarna og er *-arar* endingin frekar óvenjuleg eins og áður hefur komið fram. Þessi tilhneiging hjá Bjarna er því eins og áður sagði merki um eðlilegan málþroska og staðfestir það, að hraðinn skiptir máli, þegar málþroski ein- og tvítyngdra barna er skoðaður. Í Bjarna tilviki koma erfiðari og óreglulegu beygingarflokkarnir hægar inn í málkerfi hans og því árangur hans í prófinu lakari en árangur sex ára barnanna í eldri rannsókninni.

Gengi Lísu í prófinu var svo að segja eftir bókinni, árangur hennar er á milli árangurs Ara og Bjarna í prófinu. Hún er yngst og fylgir nokkurn veginn sex ára börnunum í eldri rannsókninni, þó svo að stundum hafi fleirtala hennar verið nær fleirtölu fjögurra ára barnanna en þeim sex ára. Það kom einna helst fram í óreglulegu orðflokkunum og því ljóst að hraði skiptir hér máli eins og áður hefur komið fram.

Í upphafi var sett fram sú tilgáta að frávík tvítyngdu barnanna við fleirtölumyndun væru ekki þau sömu og frávík eintyngdu barnanna. Það hins vegar reyndist ekki alveg rétt, þ.e. börnin þrjú gera að mestu leyti sömu villur og börnin í eldri rannsókninni þó ýmis frávík sjáist einnig, sbr. fleirtölumyndun Bjarna í bullorðunum. Þeir þættir sem lagt var upp með að skiptu máli í því sambandi, var aldur barnanna og hve mikla reynslu börnin hafa af því að nota íslenskuna. Fram hefur komið að tvítyngdu börnin standa þeim eintyngdu ekki langt að baki ef nokkuð, sbr. Ara, og skiptir þá sem fyrr mestu máli hraðinn og reynslan af íslenskunni. Aldur barnanna skipti hins vegar ekki máli á þann hátt sem búist var við, þ.e. elsta barnið, Bjarni, stóð sig ekki best.

Á heildina litið tókst rannsóknin nokkuð vel og tel ég að niðurstöður hennar geti gefið ágæta sýn á hvernig málþroski tvítyngdra barna þróast. Þó hefði ef til vill mátt varpa betra ljósi á málþroska barnanna ef þau hefðu verið beðin um að segja eintöluna af raunorðunum líkt og gert var í rannsókninni frá 1980-1983. Þá hefði í fyrsta lagi verið hægt að sjá hvort börnin þekktu orðið sem spurt var um og einnig verið hægt að vita hvort þau þekktu orðin sem þau mynduðu vitlausa fleirtölu af. Sem hefði ef til vill getað gefið betri mynd af málþroska barnanna. Vert er einnig að nefna það að nokkur orð voru talin rétt þó svo að fleirtölumyndin hefði ekki verið 100% rétt, þetta eru bullorðin **gór*, **teill* og **scenn*. Hjá

Bjarna og Lísu hljómaði fleirtalan af **sænn*, **sænnar* og hjá Bjarna var fleirtalan af **teill*, **teillar*. Að sama skapi sagði Lísu að fleirtalan af **gór* væri **gor* og að fleirtalan af **lún* væri **hún*. Ástæðan fyrir því að þessi orð voru talin rétt er sú að erfitt þótti t.d. að greina í upptökunni á bullorðunum **sænn* og **teill* hvort um tvöfaldan samhljóða væri að ræða eða ekki, en bæði orðin hafa aðeins einn samhljóða í fleirtölu sinni. Sama má segja um bullorðið **gór*, en erfitt var að greina hjá Lísu í upptökunni hvort um hljóðið *o* eða hljóðið *ó* væri að ræða. Því var ákveðið að telja þessi orð rétt, vegna þess að rétt fleirtölumörk komu fram í orðunum, þessi háttur var einnig hafður á í rannsókninni frá 1980-1983. Þetta getur hins vegar haft þau áhrif að hlutfall réttra svara sé aðeins hærra hjá Bjarna og Lísu en börnunum í eldri rannsókninni.

Annað atriði sem talist getur sem galli á rannsókninni er það að Lísu er eina barnið sem var sex ára þegar prófið var framkvæmt, en hún var sex ára og tíu mánaða. Ari var hins vegar sjö ára og sex mánaða og Bjarni átta ára og fimm mánaða. Þetta getur orðið til þess að ekki næst nógu góð mynd á málþroska barnanna, vegna þess að þau eru eldri en börnin í rannsókninni frá 1980-1983. Hins vegar mætti þá einnig ræða, að ef tvítyngdu börnin hefðu verið sex ára hvort árangur þeirra hefði verið verri, en Ara, Bjarna og Lísu, þ.e. af því að þau væru yngri. Það verður hins vegar ekki farið nánar út í hér.

Þrátt fyrir að frávík tvítyngdu barnanna sé ekki svo ólík frávikum eintyngdu barnanna og að þau standi þeim ekki langt að baki er ljóst að íslensk börn sem búsett eru erlendis verða að geta átt kost á að viðhalda móðurmálinu á einhvern hátt. Skýrt er að góð þjálfun í móðurmálinu skiptir miklu máli sé litið til framtíðar. Í flestum tilfellum flytja þessi börn aftur til Íslands og þá getur slök kunnátta þeirra í móðurmálinu komið þeim í koll. Ef manneskja býr yfir góðri kunnáttu í móðurmáli sínu eru hennir allir vegir færir, og það er jú það sem hvert foreldri óskar barni sínu.

Heimildaskrá

- Áslaug J. Marinósdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. „Athugun á fleirtölu í barnamáli.“ *Mimir* 19,1:29-45.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2000. „Menntun tvítýngdra barna.“ *Málfregnir* 19:11-16.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 2008. „Tvítýngi, annað mál, erlent mál.“ *Málfríður* 21:17-23.
- Elín Þöll Þórðardóttir. 2007. „Móðurmál og tvítýngi.“ *Fjölmennning á Íslandi*, bls. 101-125.
- Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Sigurjónsdóttir og Magnús Þorkell Bernharðsson ritstjórar. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð. Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga, II. bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga, III. bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Höskuldur Þráinsson. 2006. *Handbók um málfraði*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Indriði Gíslason, Sigurður Konráðsson og Benedikt Jóhannesson. 1986. *Framburður og myndun fleirtölu hjá 200 íslenskum börnum við fjöggra og sex ára aldur*. Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2001. Máltaka barna. *Alfræði íslenskrar tungu*. Þórunn Blöndal og Heimir Pálsson ritstjórar. Lýðveldissjóður/Námsgagnastofnun, Reykjavík.
[Margmiðlunardiskur.]
- Sigurður Konráðsson. 1987. „Um barnamálsrannsóknir: Staða, tilgangur, hagnýting.“ *Tímarit Háskóla Íslands* 2,1:28-32.
- Þóra Másdóttir. 2000. „Tvítýngi og frávik í málþroska.“ *Málfregnir* 19, 10:33-37.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal I

Listi yfir orðin í prófinu, í sömu röð og þau voru prófuð.

Raunorð	Kyn	Beyging	Bullorð	Kyn	Beyging
kjöll	kk.	s	voggur	kk.	s
maður	kk.	s	brala	kvk.	v
rúm	hvk.	s	darm	hvk.	s
krakki	kk.	v	mogar	kk.	s
mús	kvk.	s	sænn	kk.	s
fótur	kk.	s	röl	kvk.	s
sápa	kvk.	v	vigna	hvk.	v
laufblað	hvk.	s	teill	kk.	s
kona	kvk.	v	neli	kk.	v
koddi	kk.	v	þal	hvk.	s
kerti	hvk.	s	frímun	kvk.	s
fáni	kk.	v	glas	hvk.	s
grís	kk.	s	tominn	kk.	s
sög	kvk.	s	bíkur	kk.	s
bók	kvk.	s	gros	kvk.	s
panna	kvk.	v	gór	hvk.	s

hamar	kk.	s	þetir	kk.	s
þvottavél	kvk.	s	kraða	kvk.	v
eyra	hvk.	v	tessi	kk.	v
geit	kvk.	s	sora	hvk.	v
ljón	hvk.	s	frímandi	kk.	v
gaffall	kk.	s	gúsa	kvk.	v
hundur	kk.	s	buni	hvk.	s
sól	kvk.	s	sútur	kk.	s
tjald	hvk.	s	lún	hvk.	s
hnífur	kk.	s	tór	kk.	s
hurð	kvk.	s	kíma	kvk.	v
bekkur	kk.	s	kas	hvk.	s
hvalur	kk.	s	híf	kvk.	s
skeið	kvk.	s	tamur	kk.	s
auga	hvk.	v	gaf	hvk.	s
töng	kvk.	s	bús	kvk.	s
skór	kk.	s	krandur	kk.	s
nál	kvk.	s	vaga	hvk.	v
selur	kk.	s	darga	kvk.	v

Fleirtölumyndun barnanna í prófinu, rauðu orðin eru rétt myндуð í fleirtölu.

Ari	Bjarni	Lísa
kjólar	kjólar	kjólar
mennir	menn	mennir
rúm	rúm	rúm
krakkar	krakkar	krakkar
mýs	músir	mýs
fótar	fætir	fótar
sápur	sápur	sápur
laufblöð	laufblöð	laufblöð
konur	konur	konur
koddar	koddar	koddar
kerti	kerti	kerti
fánar	fánar	fánar
grísir	grísir	grísar
sögir	sögur	sögur
bækur	bækur	bækur
pönnur	pönnur	pönnur
hamrar	hamrar	hamrar
þvottavélar	þvottavélar	þvottavélir
eyru	eyru	eyru
geitur	geitur	geitur
ljón	ljón	ljón
gafflar	gafflar	gafflar
hundar	hundar	hundar
sólar	sólar	sólar
tjöld	tjöld	tjöld
hnífar	hnífar	hnífar
hurðar	hurðar	hurðar
bekkir	bekkrar	bekkir
hvalir	hvalir	hvalir
skeiðar	skeiðar	skeiðar
augu	augu	augu
töngur	töngur	töngar
skór	skór	skór
nálir	nálir	nálar
selir	selar	selir
voggar	voggrar	voggar
brölur	bralarar	brölur
dörm	darmarar	dörm
molar	mograr	mogar
sænar	sænnar	sænnar
röl	röllar	rölur
vignur	vignar	vignar
teillar	teillar	teill
nelar	nelrar	nelar

þöl	þalrar	þalir
frímun	frímur	frímur
glös	glös	glös
tomnar	tomrar	tomar
bíkar	bíkrar	bíkar
grosir	grosarar	grosar
gór	górarar	gor
þetir	þetrar	þetar
kröður	kröðrar	kröður
tessar	tessarar	tessar
sorar	sorrur	sorar
frímandar	frímar	frímandir
gúsur	gúsur	gúsar
bunar	bunar	bunar
sútar	sútar	sútar
lúnar	lúnarar	hún
tórar	tórarar	tonar
kímur	kímarar	kímar
kas	kasarar	kasar
hífur	hífrar	hífar
tamar	tamrar	tamar
gaf	gafrar	gamar
búsur	búsar	búsar
krandar	krandar	krandar
vaga	vagnar	vagar
dörgur		dörgur

Kæru foreldrar/forráðamenn

Hér á eftir koma nokkrar spurningar, sem ætlað er að gefa betri sýn á hver bakgrunnur barns ykkar er, með m.t.t. til móðurmáls barnsins og stöðu annars máls. Vinsamlegast svarið spurningunum eftir bestu getu og tiltakið allt sem ykkur finnst skipta máli.

Með fyrirfram þökk Elfa Björk Hreggviðsdóttir

Hvar er barnið fætt? _____

Hvaða ár og í hvaða mánuði er barnið fætt? _____

Á barnið systkini, ef svo er hvar er barnið í systkinaröðinni? _____

Hefur barnið gengið í íslenskan skóla? Ef já hversu lengi? _____

Hversu miklum tíma ver barnið á Íslandi? _____

Tekur barnið þátt í einhverju félagsstarfi þegar það er á Íslandi, s.s. leikjanámskeiðum, stundar einhverjar íþróttir o.s.frv. _____

Hvernig er íslenskunni haldið við, er eitthvað sérstakt gert? Tölvunotkun, sjónvarpsáhorf, lestur og fleira sem kemur upp í hugann. _____

Hvert er leikmál barnanna? _____

Hvar stendur annað málið gagnvart íslenskunni? _____

Eitthvað annað sem vert er að koma á framfæri, t.d. í sambandi við íslenskuna eða annað málið. _____

